

stiptisbókasafninu í Reykjavík talsvert safn af bókum, og fylgdi þar með skrá yfir bækurnar, hefir ráðgjafinn fyrir hönd stiptisbókasafnsins meðtekið hina framboðnu gjöf, og 21. júl. 83
jafnframt þessu hefir verið gjörð ráðstöfun til þess, að bækurnar yrðu látnar í kassa og sendar með gufuskipinu «Valdemar» á ferð þess út til Íslands 23. þ. m.

Jafnframt því að tjá yður þetta, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir stjórnöndum stiptisbókasafnsins, læt jeg ekki hjálíða að senda yður ofanefnda skrá yfir hinar gefnu bækur.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til gagnfræðanáms af fje því, sem veitt er til eflingar búnaði. — Í brjefi frá 29. júl. 84
4. þ. m. hafið þjer, herra amtmaður, samkvæmt tillögum amtsráðsins í suðurumdæminu mælt fram með því, að 100 kr. styrk þeim til að læra búfræði í Noregi, er með brjefi mínu frá 10. maí þ. á. var veittur Guðmundi Ögmundssyni frá Steinsholti í Árnessýslu af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna, verði varið sem styrk handa tjeðum pilti á gagnfræðaskólanum á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg, með því að 9. gr. C. 4. fjárlaganna, ákveður fje til eflingar búnaði, og með því ekkert fje er veitt til ölmusustyrks við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, sjái mjer ekki fært að veita það, er þannig hefir verið sótt um.

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um lán til barnaskólafestunar. — Í brjefi frá 7. þ. m. hefir hreppsnefndin í Seyðisfjarðarhreppi meðal 29. júl. 85
annars farið þess á leit, að sjer verði veitt 3—5000 kr. lán úr viðlagasjóði til þess að koma upp barnaskólahúsi fyrir hreppinn.

Fyrir því vil jeg tjá yður, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að hreppurinn muni geta fengið 3000 kr. lán úr viðlagasjóði gegn 6% árlegri afborgun og vöxtum af upphaflegri upphæð skuldarinnar í 28 ár, til þess að stofna barnaskóla, ef sýslunefndin samþykkir slíka lántöku, og býst jeg við að hreppsnefndin sendi manni hjer í Reykjavík ótakmarkað umboð til að taka lánið með skuldbindingum þeim, er tilteknar verða í skuldabryefinu.

Þetta umboðsskjal verður hreppsnefndin öll að skrifa undir, og verður þar að auki að útvega áteiknun sýslunefndarinnar á umboðsskjalið, um hið nefnda samþykki.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um Elliðaáamalið. — Ráðgjafinn fyrir Ísland hefir 1. þ. m. skrifað mjer á þessa leið: 30. júl. 86

«Hjer með sendi jeg yður, herra landshöfðingi, til ráðstöfunar umboðsskjal, sem gefið hefir verið út að konungsboði handa landshöfðingjaritara Jóni Jónssyni og dagsett er í dag, til ítarlegri rannsóknar og dómsatkvæðis á ofbeldisverkum þeim gegn laxakistum kaupmanns H. Th. A. Thomsens í Elliðaánum, sem frá er skýrt í eptirriti því af rjettarrannsóknnum, sem hingað var sent með þóknanlegu brjefi yðar frá 2. f. m., sem og til að hefja rannsókn gegn sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Kr. Jónssyni, með tilliti til svars þess, er sagt er að hann hafi gefið mönnum þeim, sem